



Alþingi
Erindi nr. P 141/636
komudagur 20.11.2012

Alþingi
Allsherjar og menntanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 15. nóvember 2012

Efni: Sameiginleg umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga og Menningarráðs Vestfjarða um frumvarp til laga um sviðslistir, löggjafarþing 141, 199. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, þann 29. október 2012 þar sem óskað er umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um ofangreint mál.

Leitað var álits Menningaráðs Vestfjarða á efni frumvarpsins en allsherjar og menntanefnd hefur einnig óskað umsagnar Menningarráðs um sama efni. Varð að niðurstöðu beggja aðila að skila sameiginlegri umsögn um málið. Slíkt er einnig eðlilegt skref í ljósi ákvörðunar Fjórðungsþings Vestfirðinga að sameina starfsemi þessarar aðila frá og með komandi áramótum.

Lögð er áhersla á að starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga og stuðnings ríkisvaldsins við þá starfsemi sé getið í lögnum. Það er breyting frá því sem verið hefur, ef ekki verður minnst á starfsemi áhugaleikfélaga í lögum. Mikilvægi er að áfram sé gert ráð fyrir áhugaleikfélögum í íslensku lagaumhverfi og einnig að starfsemi Bandalags íslenskra leikfélaga sem heldur út þjónustu við áhugaleikfélögin sé tryggð með lögum. Starfsemi áhugaleikfélaga og atvinnumennsku er víða á landsbyggðinni mjög samtvinnuð og í starfsemi áhugafélaga liggja mikilvæg tækifæri fyrir verðandi atvinnumenn í sviðslistum. Jafnframt er bent á að efla þarf sérstaklega atvinnumennsku á sviðinu utan höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða og Menningarráð Vestfjarða leggja því til eftirfarandi viðbætur við 18. gr. laganna:

Ráðherra er heimilt á grundvelli tillögu frá sviðslistaráði að gera, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum á samningstímanum, tímabundinn samning fyrir hönd ríkissjóðs til stuðnings starfssemi atvinnusviðslitahópa og sviðslistahópa. **Sérstök áhersla skal lögð á slíka atvinnustarfsemi á landsbyggðinni.** Í slíkum samningi við lögaðila skal gerður fyrirvari um stuðning hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. **Alþingi veitir jafnframt árlega fé til starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga.**

Í þriðja kafla athugasemda við frumvarpið segir:


"Þar sem frumvarp þetta fjallar um starfsemi atvinnufólks er ekki lengur að finna ákvæði um stuðning við starfsemi áhugaleikfélaga. Að mati ráðuneytisins er eðlilegt að stuðningur við áhugastarfsemi á sviði hinna ýmsu listgreina falli innan ramma

menningarsamninga ríkisins við samtök sveitarfélaga eða með sérstöku framlagi á fjárlögum."

Bent er á að ef niðurstaðan verður sú að stuðningur við áhugaleikhúsið verði færður undir menningarsamninga ríkisins við samtök sveitarfélaga verður að koma til sérstök viðbótarfjárveiting vegna þeirrar breytingar. Jafnframt er bent á að eftir sem áður þyrfti sérstakt framlag á fjárlögum til að tryggja starfsemi Bandalags íslenskra leikfélaga og viðhalda þeirri mikilvægri þjónustu sem þau hafa haldið úti fyrir áhugaleikfélög um land allt.

Virðingafyllst

f.h. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Menningarráðs Vestfjarða



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdarstjóri